

## Fundur skólaráðs miðvikudaginn 13. mars kl. 8.20.- 9.10

Mættir voru: Edda Lína og Helga Rut fulltrúar foreldra, Emilía Sif og Breki Rafn fulltrúar nemenda. Ólafur og Stella fulltrúar kennara, Elín Dóra fulltrúi starfsmanna. Hafdís Bára og Margrét skólastjórnendur.

**Niðurstöður sýnatöku.** Tekin voru ryksýni víða í skólanum í kjölfar viðgerða eftir að mygla fannst hér. Niðurstöður voru mjög góðar og litlar líkur á að í húsinu séu rakaskemmdir.

**Reglur um símanotkun.** Foreldrar báðu um að reglurnar yrðu teknar til umræðu í ráðinu. Hafdís fór yfir skólareglurnar varðandi símanotkun og snjalltæki. Þær eru þannig að ef nemendur koma með símann en hann er hljóðlaus og ekki sýnilegur nema með leyfi kennara. Þetta hefur gengið vel og er almennt ekki vandamál.

Breki Rafn segir að mjög fáir krakkar séu í símanum, flestir séu að leika sér í frímínútum. Eitt af því sem sjöundi bekkur nefndi í nemendastýrðu samtölunum eftir Vatnaskógsferðina var að það var gott að hafa símabann þar, þá fóru allir að tala meira saman. Vandinn er samfélagsmiðlanotkun eftir skólatíma. Niðurstöður í foreldrakönnun skólapúlsins eru komnar og vilja foreldrar að nemendur hafi möguleika á að nota símana en að strangar reglur gildi um þá notkun. Foreldrar bentu á að dæmi væru um að nemendur noti síma í kennslu. Fundarmenn töldu það vera sjaldgæft og eftir að komið er tæki á barn og þurfa nemendur ekki síma til að leita að upplýsingum. Skólastjóri og kennarafulltrúar ætla að uppfæra reglur um símanotkun í skólanum.

**Skóladagatal 2025-2026.** Dagatalið var samþykkt vorið 2024 en nú var farið yfir þá daga sem eru sérstakir fyrir Hofstaðaskóla. Gerð var athugasemd við nemendasamtöl á mánudegi vorið 2026. Það er ekki heppilegt og sérstaklega ekki þegar samtölin eru nemendastýrð og lokaundirbúningur fer fram með þeim daginn áður. Skólaráðið sendir athugasemd til skóladeildar um málið. Grænir dagar eru s.k. uppbrotsdagar þar sem stundatafla nemenda er lögð til hliðar og heimilt er að færa vinnutíma kennara til. Gulir dagar eru skertir dagar nemenda og skóladagurinn styttri s.s. skóalsetning og skólaslit, jólaskekkmtun og öskudagur. Skertir dagar geta ekki verið uppbrotsdagar og þarf að skoða öskudaginn m.t.t. þess. Óskað er eftir því að fjallaferðir verði í febrúar þá eru fleiri dagar til að grípa inn í ef sá dagur fellur niður vegna veðurs. Þarf að vera snemma í febrúar. Finna þarf hentugan tíma í samráði við skíðasvæðin. Tími skólans í Vatnaskógi fyrir varðandi 7. bekk er í lok október, en verið er að skoða Reyki en þar eru nýir rekstraraðilar og búið að breyta ýmsu. Ekki búið að opna fyrir umsóknir á Reyki.

Foreldrafulltrúar velta fyrir sér fjölda s.k. kósýdaga og hvort það sé ákvörðun hvers kennarahóps fyrir sig. Athugasemdin snýst um sparinessi, dótadag og sérstakan fatnað og að hvoru tveggja sé orðið of algengt jafnvel einu sinni í mánuði. Það er ósk um að þessum viðburðum fækki. Gulur, rauður og bleikur dagur gildir fyrir alla en svo hafa kennarar tekið þátt í fleiri „dögum“ án þess að nemendur séu með í því. Kennarahópar hafa líka ákveðið sérstaka daga fyrir sinn hóp. Það sem er sameiginlegt yfir allan skólann er sparinessi á jólaskekkmtun, bolla á bolludaginn og í ár var í fyrsta sinn sparinessi á öskudag. Í umræðunni kom fram að sumir foreldrar lesa ekki vikupóst til enda og vilja

frekar fá áminningu í stuttum skilaboðum. Þegar áminningin kemur upplifa sumir að mjög stuttur fyrirvari sé fyrir viðburði sem búið var að kynna í vikupósti einni til tveimur vikum áður. Bent var á að mentor gæti sett inn hljóðmerki eð „pot“ þegar tölvupóstar eru sendir eð skjal í fréttaveitur s.s. vikupóst.

**Erindi frá nemendum.** Nemandi í 6. bekk skilaði inn á fundinn ósk um handboltavöll og fleiri fótboltamörk.

**Erindi frá foreldrum:** Foreldrar hafa áhyggjur af bílum sem lagt er upp á malarstæði við gangstíg að skólanum og því hvort þeir geti runnið niður og skapað hættu. Margrét mun fylgja því eftir á fundi með öryggisfulltrúum skólans í næstu viku og erindi verður sent á umhverfissvið bæjarins.

Foreldrar bjóðast til þess að styrkja félagsstarf fyrir 7.bekk mjög flott með tækjakaupum. Það verður kannað og erindi sent á stjórn foreldrafélagsins.

Næsti fundur 15. maí þá verður farið yfir niðurstöður skólapúlsins sem lagður var fyrir úrtak foreldra í febrúar og nemendur í 6. og 7. bekk nokkrum sinnum yfir árið.

Skráð af: Margréti Einarsdóttur